



**Reglur um ferðir  
á Heims- og Evrópumeistaramót  
og  
á Heims- og Evrópubikarmót**

- 1 Árleg Íslandsmeistaramót í 5 og 5 dönsum og í 10 dönsum fyrir F-flokka er ákvarðandi mót um hvaða pör fá réttinn til að fara á Heims- og Evrópumeistaramót og hvaða pör eru til vara, ef pörin sem unnu réttinn ákveða að nýta hann ekki.
- 2 Árlegt Bikarmeistaramót fyrir F-flokka er ákvarðandi um hvaða pör fara á Heims- og Evrópubikarmót og hvaða pör eru til vara.
- 3 Reglur IDSF segja til um hvað aldursflokkar fara á Heims- og Evrópumeistaramót og á Heims- og Evrópubikarmót.
- 4 Fjöldi para sem fer á þessi mót fer eftir reglum IDSF á hverjum tíma. Ávallt skal fjöldi para, sem eru til vara, vera jafn þeim fjölda sem ávinnur sér inn réttinn til að fara. Þegar tvö eða fleiri pör eru til vara þá skal ávallt það par, sem efst er af þeim, fyrst fá réttinn. Rétturinn fer síðan til þessa pars sem er þar fyrir neðan og síðan koll af kalli.
- 5 Þau pör sem vinna sér inn réttinn til að fara á Heims- og Evrópumeistaramót og á Heims- og Evrópubikarmót þurfa að láta vita skriflega til DSÍ sem fyrst, en í síðasta lagi 3 vikum fyrir auglýstan síðasta skráningarfrést viðkomandi móts, hvort þau ætla að nýta sér þennan rétt til að fara eða ekki. Formaður aðildarfélags viðkomandi rétthafa sendir inn staðfestingu í tölvupósti.
- 6 Komi það upp að styttra er í auglýst mót, en tíminn í grein 5. segir til um, frá ákvarðandi móti, þá skulu þau pör sem vinna sér inn réttinn til að fara láta vita sem fyrst, eða innan tveggja daga, hvort þau ætli að nýta sér þennan rétt eða ekki. Formaður aðildarfélags viðkomandi rétthafa sendir inn staðfestingu í tölvupósti.
- 7 Ákveði þar að fara ekki skal DSÍ láta þau pör, sem eru til vara, vita strax um að rétturinn sé þeirra til að fara á viðkomandi mót.
- 8 Berist ekki svar frá þeim pörum eða pari, sem eiga réttinn, innan frest, sem tilgreindur er í 5. og 6. grein, þá hefur stjórn DSÍ strax heimild til að leita til þess pars sem fyrst er í röðinn til vara og veita þeim réttinn.
- 9 Par sem átti réttinn en sendi inn staðfestingu að það ætli ekki að nýta hann getur ekki hætti við ef þar sem er til vara er búið að tilkynna um að það ætlar að nýta réttinn. Ef pörin sem voru til vara hafa tilkynnt að þau fari ekki þá getur þar sem átti upphaflega réttinn fengið hann aftur.
- 10 Reglur þessar gilda frá og með 3. mars 2010.